

Kennsluáætlun

JARÐ3SJ05 Jarðsaga

Kennsluefni

Jarðfræðiglósur Guðbjarts Kristóferssonar (aðgengilegar á alnetinu) auk netheimilda og 10. Kafla kennslubókarinnar ALMENN JARÐFRÆÐI eftir Jóhann Ísak Pétursson og Jón Gauta Jónsson (Iðnú). Viðbótarefni verður lagt in eftir þörfum.

Áfangalýsing

Í þessum áfanga er fjallað um sögu Jarðarinnar frá upphafi til okkar daga. Meginþema námsins í þessum áfanga er svokallað **virkt nám** (ens.: Learning by doing). Námið felst í verkefnavinnu, 33 þættir alls. Auk þess verða sýndir nokkrir þættir um jarðsöguleg og lífsöguleg efni svo sem þróun mannsins. Hverjum þætti verður fylgt úr hlaði með stuttri innlögð þar sem fjallað er um skyld efni og hvernig vinna skuli þau verkefni sem fyrir eru lögð hverju sinni. Lagt verður inn einn þáttur í hverjum kennslutíma. Meginhluta tímans verður varið í vinnu nemenda.

Námsmat

Námskröfur eru 50% árangur við skil verkefna að meðaltali og að lágmarki skal skila 30 þáttum af 33. Þau verkefni, sem ekki er skilað, fá einkunina 0 og reiknast þannig inn í meðaleinkunn. Við skil einstakra verkefna er gerð krafa um að lágmarki 10% árangur. Úrlausnum, sem ekki ná þeim lágmarksárangri verður hennt og gefst þá nemandi tækifæri til að skila betri úrlausn. Verkefni verða opin frá fyrsta kennsludegi hvernar viku til loka kennslu.